

Niðurstöður úr fiskirannsóknum á vatnasvæði Staðarár í ágúst '79.

Dagana 8/8 – 10/8 '79 fór fram athugun á vegum Veiðimálastofnunarinnar á vatnakerfi Staðarár. Var hér einungis um lauslega athugun að ræða sem verður að skoðast sem byrjun á væntanlegum rannsóknum. Neta-sería var lögð í Hagavatn nöttina 8-9/8, og einnig var rafveitt eftir seiðum í Vallá, Barnalæk, Furu og Staðará til þess að fá yfirlit yfir fisktegundir sem ælust upp í ánum. Mynd 1 sýnir lengdar- og aldurs-dreifingu seiðanna sem fengust við rafveiðarnar en mynd 2 sýnir lengdar- og aldursdreifingu urriða- og bleikjuseiðanna.

Helstu niðurstöður:

Lax: Á vatnasvæði Staðarár eru uppeldis- og hrygningarskilyrði fyrir lax takmörkuð.

Vegna vatnskulda eru Vallá, Barnalækur og Fura ekki vel fallnar til laxaframleiðslu.

Í Furu og Barnalæk veiddust þó laxaseiði sem eru undan náttúru-legu klaki.

Möguleiki er á því að í góðu árferði heppnist klak og laxaseiði geta lifað fyrsta veturinn af, en hann er erfiðasti þróskuldurinn í lífi laxaseiðanna, og verða þau að vera búinn að ná nægum þroska til að lifa af veturinn. Flest ár er þó líklegt að áin drepi seiðin af sér, og er möguleiki á því að hér sé einungis um flökkuseiði að ræða, sem hafa komist úr Staðará að öllum líkindum. Verður ekkert mat lagt á það að sinni, til þess eru sýnin of fá.

Netá rennur að mestu á aurbotni og er hún ekki hæf til uppeldis-eða hrygningar á laxi.

Efri hluti Staðará niður undir Staðastað rennur líka á aurbotni og er ekki heldur hæfur til uppeldis eða hrygningar á laxi. Fyrir neðan Staðarstað rennur áin að mestu á malarbotni og eru hér helstu uppeldis-væðin fyrir lax í Staðará. Þó er botninn það fínn að stærri seiði eiga erfitt með að finna var fyrir straumi. og háir það vafalaust laxagengd í ánni, hvað botninn er skjóllítill og veitir tiltölulega fáum stórum seiðum uppeldisaðstöðu.

Hagavatn: Á undanförnum árum hefur það komið greinilega í ljós að laxaseiði sem alast upp í vötnum, jafnvel þeim sem eru ofsetin silungi, dafna vel og vaxa mun betur en seiði sem alast upp í ánum í kring.

Laxinn hrygnir þó ekki í vötnunum, og eru laxaseiðin því til-komin í vötnin annaðhvort með beinum sleppingum eða þá að þau hrekist í vötnin úr lækjum eða ám sem renna í vötnin. Skeður það einkum þar sem mikill fjöldi laxa hrygnir á skjóllitlum botni sem veitir ekki öllum laxaseiðunum þá fæðu og skjól sem þau þurfa. Sjaldgæfara er að seiðin hrekist upp á við (þ.e.a.s. á móti straumi).

Í Hagavatni fengust í netin tveir laxar og eitt laxaseiði. Höfðu fullorðnu laxarnir dvalist tvö vetur í fersku vatni, áður en þeir héldu til sjávar sem gönguseiði.

Laxaseiðið sem fékkst var 11,1 cm. að lengd og tveggja ára gamalt. Ekki er ólíklegt að flestir þeir laxar sem alast upp í Hagavatni séu tveggja vetra þegar þeir halda til sjávar sem gönguseiði, en í Staðará eru flest laxaseiðin þriggja ára þegar þau halda til sjávar.

Til að auka laxagengd í Staðará sé ég einkum tvær leiðir og eru þær eftirfarandi:

1. Sleppt verði stálpuðum seiðum (4-6cm) í Hagavatn í júní eða þegar það fer að hlýna. Yrði að gera þetta árlega.

2. Uppeldisskilyrði í neðri hluta Staðarár verði bætt með grjótburði í ánni. Verður þá að haga grjótburðinum þannig að ekki skapist nein hætta á landrofi.

Ég tel að með þessum aðgerðum yrði ekki vegið neitt að ráði að sjóbirtings- eða bleikjustofnínnum. Þó ber að geta þess hér að ég hefi enn ekki skoðað sjóbirtingshreistur úr vatnasvæði Staðarár, en ég tel allar líkur á að mest af sjóbirtingnum alist upp í Vallá.

Urriði: Í Hagavatni fengust 31 urriðar í netin. Ekki fékkst að þessu sinni neinn sjögenginn urriði. Vaxtarlinurit fyrir urriðan er sýnt á mynd 3. Eins og sjá má af línuritinu vex urriðinn sammilega fram að fjórða vetri en úr því eykst vöxturinn verulega og er það líklega í sambandi við fæðubreytingu, þ.e. þegar hann fer að éta hornsíli og bleikju í stað botndýra og flugu áður. Séu veiðarnar í ár bornar saman við veiðar Jóns Kristjánssonar árið 1971 (sjá mynd 3),

sést að vöxturinn á urriðanum hefur batnað síðan þá, en þá var urriðastofninn líkast til nokkuð of þéttur. Er líkleg skýring sú að hinar auknu netalagnir (frá Haga sérstaklega), sé ein aðalástæðan fyrir batnandi vexti hjá urriðanum. Að sögn Jónasar á Neðrihól hefur meðalstærðin á sjóbirttingnum farið minnkandi með árunum.

Sjóbirttingsstofninn er líklega nokkuð viðkvæmur hvað veiðar snertir og er ekki útilokað að ofveiði hafi verið stunduð síðari árin, en frá Haga mun oft vera lagt frá stað loo-150 m. vestan við útrenslíð næst Haga, út í hólma þann sem er í vatninu. Með svona langri netalögn og þarmeð lokun á annarri aðkomuleiðinni í vatnið má telja líklegt að gengið sé of nærri sjóbirttingsstofnинum.

Vil ég því ráðleggja bendum að koma sér saman um takmarkanir á netafjölda sem hver landeigandi mætti hafa.

Hinsvegar tel ég að yfir sumarmánuðina og áður en sjóbirttingurinn kemur í vatið mætti vel leggja smáriðin net (26mm.-30mm), til að veiða minni fiskana af staðbundna urriðanum. Nyndi þá væntanlega vöxturinn á honum aukast jafnframt því sem skilyrði fyrir sjóbirttings- og laxaseiðin, sem alast upp í vatninu, myndu batna.

Vallá: Í Vallá var rafveitt við Hagasel og fengust urriða- og bleikjuseiði, en talsvert meira þó af urriðaseiðum. Eins og sést af mynd 2 fengust ekki eldri seiði en tveggja ára og má búast við því að seiðin haldi til sjávar og/eða Hagavatns á þriðja ári.


Í Staðará fengust einungis urriðaseiði sem komu úr hrogni í vor. Ég tel ekki ólíklegt að hér hafi urriðinn orðið undir í baráttunni við laxinn og séu aðein lygnur næst landi lífvænlegar fyrir ~~smá~~ urriðaseiðin.

Bleikja: Í Hagavatni er talsvert af smábleiku, og er einhver hluti hennar kominn úr sjó. Stór hluti sjóbleikjunnar fer út eftir þrjá veturnar í vatninu, en ekki er hægt að draga neinar ályktanir varðandi bleikjuna að svo stöddu.

Í Barnalæk eru helstu uppedisstöðvar sjóbleikjunnar og má ætla að hún haldi til sjávar í fyrsta sinn eftir tvö veturnar í ánni.


Í Vallá eru bleikjuseiði innan um urriðaseiðin og einsog sjá má af mynd 2 er vöxturinn á henni ekki eins góður hér og í Barnalæk. Er það eflaust vegna samkeppni við urriðann, og heldur ~~hún~~ ekki til sjávar og/eða Hagavatns fyrr en eftir 3 veturnar í ánni.

Furu




Via Biøveg.

LENGD i sm.





Staðra.

CA 50 M. FYRIR ÖÐAN
ÖÐU VIA BIØVEG.



MYND : I LENGDAÐ- OG ALDURSDREIFING

LAXASEIDO I FURU, BARNALEK OG
STAÐRA.



MYND: 2. LENGDAR- OG ALDURISREIFING
URRÍÐA-OG BLEIKJUSÉÐA I VALLÁ,
BARNALEK OG STADÁRÁ.

MYND: 3

LENÐ
1 SM.

1979 URRIDI

VAXTARLÍNURIT Fyrir URRIDA

Byggt á 19 URRIDASÝNUM

40+

Til samanverona er lína
sýnum ósmi völtur á fyrri seinum telst
EOLILEGUR VÖLTUR Í ÚRRIÐA.

30+

Ginnig er sýnd vaxtarlina frá
URRIDAN SEM JÓAN KRISTJÁNSSON
GEROI ÚR 1971 ÚR HAGAVATNI

20+

10+

1

2

3

4

5

6

7

ALDOR I VETRUM